

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um endurnýjun lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf.

- 1. Hvernig hefur afgreiðslutími vegna endurnýjunar lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf þróast undanfarin þrjú ár? Þess er óskað að í svari verði tilgreindur eftir mánuði meðal-afgreiðslutími og fjöldi umsókna, kyn þeirra einstaklinga sem lyfin voru ætluð og hversu margir einstaklinganna voru undir 18 ára aldri.*

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum er afgreiðslutími lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf á bilinu tveir til þrír dagar frá byrjun árs 2020 til loka árs 2022, ef horft er til meðaltals hvers mánaðar fyrir sig. Í byrjun árs 2023 lengist afgreiðslutími og nær hámarki, er um 9 dagar, í apríl 2023. Undir lok árs 2022 fer að bera á fjölgun umsókna, þær fara úr u.þ.b. 1.100 á mánuði að meðaltali í tæplega 1.600 umsóknir í mars 2023. Bent skal á að þó að umsóknum um lyfjaskírteini vegna ADHD-lyfja hafi fjölgað um 45%, þá fjölgaði einnig öðrum umsóknum um lyfjaskírteini mikið á sama tíma (blóðsykurslækkandi lyf þar fremst í flokki) sem hafði áhrif á afgreiðslutíma allra umsókna. Þá var á sama tíma verið að þjálfa nýja starfsmenn sem hafði áhrif á afgreiðslu allra lyfjaskírteinisumsókna.

Lyfjaskírteini vegna ADHD-lyfja gilda í þrjú ár í senn. Umsóknir um endurnýjun ADHD-lyfja eru unnar á sama hátt og allar aðrar umsóknir um lyfjaskírteini. Því er í þessum tölum ekki greint á milli endurnýjunar umsókna og fyrstu umsókna um ADHD-lyf. Viðvarandi skortur á lyfjum hefur einnig fjölgað umsóknum sem hefur áhrif á afgreiðslu allra umsókna, m.a. ADHD-lyfja.

Umsóknum einstaklinga yngri en 18 ára fækkaði frá sumarmánuðum ársins 2021 þar til haustið 2022, en þá fjölgað umsóknum aftur mjög. Umsóknir voru um 500 að meðaltali á mánuði í lok árs 2020 en voru um 200 á mánuði í lok sumars 2022. Nú er fjöldinn aftur kominn í um 500 umsóknir að meðaltali á mánuði.

Sé horft til kynjamunar, bæði fyrir alla og svo eingöngu fyrir einstaklinga yngri en 18 ára, þá er ekki að sjá marktækan mun á fjölda miðað við kyn fyrir heildarhópinn.

Tímabil, ár- mánuður	Meðal- afgreiðslutími (dagar)	Fjöldi umsókna						Alls
		Aldursbil		Kyn				
		undir 18 ára	18 ára og eldri	KK	KVK	Annað		
202101	2,4	431	691	595	526	1	1.122	
202102	2,8	478	722	646	553	1	1.200	
202103	3,7	568	875	718	724	1	1.443	
202104	3,3	434	662	589	503	4	1.096	
202105	2,9	407	685	583	507	2	1.092	
202106	2,1	322	674	480	515	1	996	
202107	2,1	128	492	320	298	2	620	
202108	1,8	285	494	385	392	2	779	
202109	2,3	380	691	541	527	3	1.071	
202110	2,9	297	583	442	435	3	880	
202111	2,4	344	611	473	481	1	955	
202112	3,1	244	562	398	406	2	806	
202201	1,9	307	666	468	498	7	973	
202202	2,4	250	760	509	498	3	1.010	
202203	2,6	295	871	573	592	1	1.166	
202204	3,1	208	706	453	457	4	914	
202205	2,8	248	900	566	579	3	1.148	
202206	2,2	212	752	458	503	3	964	
202207	2,4	134	646	371	409		780	
202208	1,9	279	827	517	587	2	1.106	
202209	2,9	307	924	605	625	1	1.231	
202210	2,2	303	864	563	600	4	1.167	
202211	2,4	313	921	605	626	3	1.234	
202212	2,2	259	776	499	536		1.035	
202301	2,0	463	852	677	636	2	1.315	
202302	3,5	464	862	653	672	1	1.326	
202303	4,6	524	1.008	766	766		1.532	
202304	8,8	361	792	584	569		1.153	
202305	5,9	349	965	661	650	3	1.314	
202306	7,4	380	954	680	653	1	1.334	
202307	5,2	263	740	512	490	1	1.003	
202308	4,3	515	865	698	680	2	1.380	
202309	6,6	551	862	745	665	3	1.413	
202310	6,9	504	849	652	695	6	1.353	
202311	6,8	424	863	651	632	4	1.287	

2. Hvað telur ráðherra að sé ásettannlegur hámarksafgreiðslutími og til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að bregðast við þegar afgreiðsla hefur farið yfir þau mörk?

Samkvæmt útgefnum viðmiðum Sjúkratrygginga er gert ráð fyrir að umsókn um lyfja-skírteini sé afgreidd eftir u.þ.b. eina viku. Frá ársbyrjun 2020 til loka árs 2022 var meðal-afgreiðslutími umsókna u.þ.b. tveir til þrjú dagar. Á árinu 2023 hefur afgreiðslutími lengst töluvert, en þó að meðaltali verið á bilinu fimm til níu dagar. Í einstaka mánuðum hefur meðalafgreiðslutími farið yfir viðmiðið um 7 daga.

Sjúkratryggingar hafa eftir fremsta megni reynt að stytta biðtímann m.a. með því að yfirfara verkferla og verklagsreglur fyrir umsóknir lyfjaskírteina til að áður óskýr viðmið séu gerð skýr. Verkferlar og verklagsreglur hafa verið einfaldaðar innan þess ramma sem lög og reglugerðir leyfa. Sjúkratryggingar hafa einnig unnið að því að sjálfvirknivæða umsóknir um lyfjaskírteini fyrir viss lyf og er sú vinna þegar hafin í samstarfi við embætti landlæknis.

Almennt er afgreiðslutími umsókna vegna lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf innan viðmiða miðað við þær upplýsingar sem koma frá Sjúkratryggingum. Áherslur stofnunarinnar að nýta tæknina til að einfalda og flýta fyrir afgreiðslu lyfjaskírteina sem og öðrum umsóknum innan stjórnsýslunnar er jafnframt skref í rétta átt.